

**Nö.**

#### **144. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Ríkisstjórnin hefir lagt frumv. þetta fyrir Alþingi, og hefir það gengið í gegn um háttv. efri deild án allra efnisbreytinga, en með örlitlum orðabreytingum.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefir nú athugað frumv., og viðurkennir hún það, að tilgangur þess sje mjög nauðsynlegur, sá að tryggja rjett þeirra manna, er tilbúinn áburð eða fóðurbæti þurfa að kaupa.

Það er alkunnugt, að kraftfóðurkaup eru nú mjög að færast í vöxt. En reynslan í þessari verslun er þegar búin að sýna það, að brýn þörf er á því að vernda rjett kaupandans í þessum efnum, þar sem ýmsar af þessum vörutegundum hafa oft verið stór-skemdar og enda stappað nærri því, að al-ónýtar hafi verið. Má segja, að þessi vörusvik hafi stöðugt farið í vöxt. Og auk þessara skemda á vörunni hefir það líka oft brunnið við, að vörumagnið hefir verið að mun minna en áskilið hefir verið.

Nefndin telur að frumv. muni, að minsta kosti þegar raun kemst á framkvæmd þess, ná tilgangi sínum; þó leyfir hún sjer að leggja til, að þriðju málsgrein 1. gr. verði nokkuð breytt. Þar er það ákveðið, að ef seljandi vanrækir að gefa út tryggingarskjal, þá hvili á honum sönnunarskylda á því, að varan hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem »munnlega« hafi verið um samið. Nefndin telur að þessir munnlegu samningar geti reynst þýðingarlausir, nema þá að þeir sje vottfastir, sem oft myndi reynast misbrestur á, og telur því rjettast, að sem oftast eða æfinlega sje gefið út tryggingarskjal. Nefndin vill því breyta þessu á þann veg, að þegar tryggingarskjal er ekki gefið út, skuli litið svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvili á seljandanum sönnunarskylda á því. Ætti þetta að ýta undir seljandann að gefa tryggingarskjal, ef hann væri ekki viss í því, að varan væri algerlega óskemd.

Sömu ákvæði leggur nefndin til, að sett verði í 2. gr.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykkt með þessum

#### **BREYTINGUM.**

Við 1. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin; skal þá líta svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir á honum sönnunarskylda um að svo sje.

Við 2. gr. Í stað orðanna í síðustu línu 1. málsg. : »þar sem tilgreindar sje þessar upplýsingar« komi:

Sömlleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skirteini er útgefið. Á tryggingarskirteini sje tekið fram.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sigurður Stefánsson,  
formaður.

Björn Hallsson,  
fundaskrifari.

Þórarinn Jónsson,  
framsögum.

Jón Sigurðsson.

H. J. Kristófersson.